

SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P/13 1231  
komudagur 14/12 1990

Borgarnesi, 10. 14/12 1990

Allsherjarnefnd  
efri deildar Alþingis,  
b/t. Þórðar Bogasonar, nefndarritara,  
Alþingi v/Austurvöll,  
150 Reykjavík.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands hefur haft til meðferðar bréf yðar, dags. 20. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar félagsins um frumvarp til laga um skipti á dánarbúum o.fl., 104. mál.


Frumvarp þetta er samið, eins og fram kemur í athugasemdum við það, sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umbodsvalds í héraði, nr. 92, 1989, og er einkum ætlað að leysa af hólmi nügildandi lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl. nr. 3, 1878.

Stjórnin er sammála um að ærin ástæða var til endurskoðunar á hinum síðastnefndu gömlu lögum. Stjórnin er einnig sammála um, að frumvarpið er ítarlegt og skipulegt og mörg ákvæði þess til mikilla bóta frá nügildandi lögum. Ljóst er að lögfesting frumvarpsins mun stuðla að því að einkaskipti geti ennfrekar en nú orðið aðalreglan við skipti dánarbúa.

Rétt þykir þó að benda á, að mjög mikill kostnaðarauki verður fyrir þau bú, sem vegna ósamkomulags erfingja, eða af öðrum ástæðum, þarf að taka til opinberra skipta, ef frumvarpið verður að lögum. Einkum gæti þetta orðið tilfínanlegt með smærri bú á stöðum þar sem ekki er völ lögmanna, þar sem auk skiptakostnaðar til þeirra þyrfti að greiða ferðakostnað, uppihald og dagpeninga. Á þetta bæði við um skipti dánarbúa og opinber skipti til fjárslita milli hjóna. Í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir neinu eftirliti eða aðhaldi varðandi þennan kostnað og myndi hann því væntanlega verða reiknaður á grundvelli gjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

Stjórn félagsins sér að svo komnu máli ekki ástæðu til að tjá sig frekar um frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar,

  
Rúnar Guðjónsson, formaður.